

Leyfisskoðun bifreiða ferðarþjónustuaðila innan EES sem eru á erlendum skráningarkerkjum

Gerð hefur verið gerð lagabreyting á lögum farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017 sem snýr að ferðarþjónustuleyfi. Nú er einstaklingum og fyrirtækjum heimilt að fá útgefið ferðarþjónustuleyfi að tilteknum skilyrðum uppfylltum og ekki lengur gerð krafa um að fyrirtæki á EES svæðinu sé með starfstöð á Íslandi til þess að fá þetta leyfi. Áfram er krafa um að leyfisskoða bifreiðarnar sem þessi fyrirtæki/einstaklingar eru með á Íslandi og eru á erlendum númerum.

Vegna framangreindra breytinga hefur Samgöngustofa útbúið eftirfarandi verklag við leyfisskoðun þessara bifreiða sem eru á erlendum númerum. Leyfisskoðun verður í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 474/2017, fyrir utan það að skrá skoðun og breytingu á notkunarflokki í ökutækjaskrá:

- Umsækjandi kemur til Samgöngustofu og sækir um ferðarþjónustuleyfi og skilar inn viðeigandi gögnum.
- Umsækjandi fer á skoðunarstöð með staðfestingu frá Samgöngustofu um að sótt hafi verið um ferðarþjónustuleyfið, ásamt þeirri bifreið sem á að leyfisskoða.
- Bifreiðin er leyfisskoðuð í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 474/2017 og skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 1. Bifreiðin rúmi ekki fleiri en átta farþega
 2. Bifreiðin skal búin þriggja punkta öryggisbeltum í öllum sætum, slökkvitæki og sjúkrakassa
 3. Bifreiðin skal standast leyfisskoðun árlega, skv. sömu kröfum og gerðar eru til sérútbúinna bifreiða, sbr. skoðunarhandbók um leyfisskoðanir.
 4. Bifreiðin skal vera merkt rekstraraðila. Merking skal vera sýnileg og auðlesanleg.
- Ef bifreiðin uppfyllir skilyrði skoðunarinnar, er viðeigandi leyfisskoðunarmiði („**Leyfisskoðun ferðarþjónustuleyfi**“) límdur í framrúðu bifreiðarinnar.
- Þar sem bifreiðin er ekki í ökutækjaskrá Samgöngustofu þarf að senda afrit af leyfisskoðunarskýrslu á netfangið leyfisv@samgongustofa.is.
- Umsækjandi fær útgefið ferðarþjónustuleyfi hjá Samgöngustofu.

